

FW: Alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa - leiðrétting

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir;Rannveig Einarsdóttir
Frá : Gunnar Rafn Sigurbjörnsson
Heiti : FW: Alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa - leiðrétting
Málsnúmer : 1211149
Málsaðili : Samband Íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 13.11.2012 12:53:22
Höfundur : Gunnar Rafn Sigurbjörnsson

Sælar.

Við ættum að bóka inn í bæjarráði og fjölskylduráði þetta neðanskráða erindi um minningardaginn.vekja þannig athygli á mélefninu.

Kv,grs

From: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Sent: 13. nóvember 2012 10:26
To: Steinunn Þorsteinsdóttir; Gunnar Rafn Sigurbjörnsson
Subject: SV: Alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa - leiðrétting

Alveg sjálfsagt mál

Með kveðju,
Guðrún Ágústa

GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
www.hafnarfjordur.is

From: Steinunn Þorsteinsdóttir
Sent: 13. nóvember 2012 09:46
To: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir; Gunnar Rafn Sigurbjörnsson
Subject: Alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa - leiðrétting

Sambandið er að biðja okkur að vekja athygli á þessum degi.. er það ekki sjálfsagt mál.?

Kv.s

Til allra sveitarfélaga,

Guðlaugur H. Sigurjónsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í vinnuhópnum „Áratugur umferðaröryggis“ hefur óskað eftir því að sambandið veki athygli sveitarfélaga á Alþjóðlegum minningardegi fórnarlamba umferðarslysa, sem verður sunnudaginn 18. nóvember nk. Sambandið hvetur sveitarfélög til að birta meðfylgjandi orðsendingu á vefsíðum sínum og láta hana berast til þeirra aðila innan sveitarfélaga sem fara með þessi mál.

Alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa 18. nóvember – um allt land.

Ætlunin er að boða til minningarathafnar við bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi klukkan 11 sunnudaginn 18. nóvember 2012 þar sem minnst verður fórnarlamba umferðarslysa og jafnframt heiðraðar þær starfsstéttir sem

koma að björgun og aðhlyningu. Frá árinu 1993 hefur þriðji sunnudagur í nóvember verið tileinkaður minningu fórnarlamba umferðarslysa. Starfshópur innanríkisráðuneytisins um Áratug aðgerða annast undirbúning þessa verkefnis.

Við teljum mikilvægt að allir landsmenn taki þátt í þessu hvort sem menn eiga heimagengt til þessarar athafnar við Landspítalann eða ekki. Með þessu erindi er farið þess á leit við ykkur að vakin sé athygli á þessu innan sveitarfélagsins þannig að þeir sem vilja geti tekið þátt í athöfninni með táknrænum hætti eða boðað til einhverrar samverustundar að þessu tilefni.

Þess skal getið að við Landspítalann koma m.a. saman fulltrúar þeirra starfstétta sem kallaðar eru til þegar alvarleg umferðarslys eiga sér stað. Einnig verða viðstaddir forseti Íslands, ráðherrar innanríkismála og/eða velferðarmála ásamt fjölmiðlum auk fleiri gesta.

Klukkan 11:15 verður boðað til **einnar mínútu þagnar** til minningar um fórnarlömb umferðarslysa. Með almennri kynningu, dagana á undan, verður reynt að fá sem flesta landsmenn til að taka þátt í þögninni.

image001.gif **Ingibjörg Hinriksdóttir**
tækni- og upplýsingafulltrúi
Beint innval: 515 4940
Netfang: ingibjorg.hinriksdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)
[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)